



Alþingi  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, skjalaritari  
Kirkjustræti  
Nefndasvið  
101 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhóls götu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 25. janúar 2021  
Tilv.: SRN20120068/2.23

Vísað er til erindis stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 18. desember 2020, þar sem óskað er eftir umsögn samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna frumvarps til kosningalaga. Vegna þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, með umræddu frumvarpi, og þeirra umsagna sem þegar hafa borist nefndinni og birtar hafa verið á vef Alþingis, telur ráðuneytið ástæðu til að upplýsa nefndina um eftirfarandi atriði er tengjast íbúakosningum sveitarfélaga.

Sveitarstjórnarlög gera ráð fyrir þremur tegundum af íbúakosningum. Kosningar til nefndar fyrir hluta sveitarfélags, sbr. 38 gr., kosningar einstök málefni, sbr. 107. gr., og kosningar um sameiningu sveitarfélaga, sbr. 125. gr. laganna, og hafa farið fram kosningar á grundvelli allra lagaákvæðanna þriggja síðan núgildandi sveitarstjórnarlög tóku gildi. Í framangreindum ákvæðum er að finna tiltekin skilyrði sem skulu gilda um hverja kosningu en jafnframt segir að kosningarnar skulu fara skv. lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, eftir atvikum.

Reynslan við framkvæmd íbúakosninga skv. sveitarstjórnarlögum hefur leitt í ljós að þær reglur sem gilda um slíkar kosningar mættu vera skýrari. Tilvísun sveitarstjórnarlaga um að íbúakosningar skuli eftir atvikum fara skv. ákvæðum laga um sveitarstjórnarkosningar felur í sér að túlka þarf hvaða ákvæði kosningalaganna eigi nákvæmlega við hverja íbúakosningu fyrir sig. Telur ráðuneytið að það væri til bóta að styrkja og skýra þær reglur sem íbúakosningar sveitarfélaga byggja á og tiltaka með nákvæmari hætti hvaða reglur skulu gilda þar um.

Þá hefur verið bent á að ákvæði kosningalaga geta leitt til þess að óþarflega miklar og kostnaðarsamar kröfur verði gerðar til íbúakosninga sveitarfélaga sem í mörgum tilvikum kunna að vera um einföld málefni og er almennt ekki ætlað að vera bindandi fyrir sveitarstjórnar nema annað sé tiltekið. Hafa kröfur kosningalaga leitt til þess að sveitarfélög veigri sér við að nýta sér ákvæði sveitarstjórnarlaga um íbúakosningar og haldi þess í stað sérstakar kannanir.

Ráðuneytið telur því rétt að upplýsa stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd um að til skoðunar er að hefja vinnu við að útfæra reglur sem eiga að gilda um íbúakosningar sveitarfélaga á grundvelli framangreindra sjónarmiða, þar sem m.a. verður horft til þeirra reglna sem gilda um íbúakosningar á Norðurlöndum. Á þessari stundu hefur ekki verið tekin afstaða til þess hvaða leið verði farin við slíka reglusetningu, þ.e. hvort að rétt sé að veita ráðherra heimild til að setja reglur um íbúakosningar sveitarfélaga eða hvort að nauðsynlegt sé að lögfesta ítarlegri sérákvæði í sveitarstjórnarlög. Mikilvægt er að umrædd vinna verði

unnin í samráði við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila og gerir ráðuneytið ekki athugasemd við að framkomið frumvarp feli eingöngu í sér uppfærslu á tilvísunum sveitarstjórnarlaga til kosningalaga, sbr. 144. gr. frumvarpsins, á þessu stigi.

Fyrir hönd ráðherra  
eftir umboði

Björn Ingi Óskarsson